




LÆGRI VSK Á BARNAVÖRUM

Lækka á virðisaukaskatt á barnavörum niður í 7% til að styðja við barnafjölskyldur



TRYGGINGAGJALD ENDURGREITT

Fyrirtæki fá endurgreitt tryggingagjald í tvö ár þegar ráðinn er nýr starfsmaður



4,2 MILLJÓNIR Á HVERT STARF

Hagur samfélagsins vænkast um 4,2 milljónir króna við hvert nýtt starf



fram tíðin

Efnahagstillögur Sjálfstæðisflokksins

1. tbl. 1. árg. október 2011



Aukinn kaupmáttur og skattar lækkaðir



Lausnir fyrir skuldum vafin heimili



Fjárfestingar verða stórauknar – atvinna í forgang



Staða lítilla fyrirtækja verður styrkt

RAUNHÆFAR LAUSNIR Á VANDA HEIMILA OG FYRIRTÆKJA



„Þetta eru tillögur sem gefa von um bjartari framtíð,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins.

Raunhæfar tillögur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum miða að því að stórauka fjárfestingu, styrkja stöðu heimila og fyrirtækja samhliða því að koma skikki á fjármál ríkissjóðs. Reikna má með að fjárfesting aukist um allt að 250 milljarða á næstu tveimur árum og þar með mun störfum fjölga verulega. Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, segir að verði rétt á málum haldið sé hægt að hefja hér öflugt hagvaxtarskeið.

Í þingsályktun sem þingflokkur Sjálfstæðisflokksins hefur lagt fram um aðgerðir í efnahagsmálum, er bent á að vandi heimilanna verði ekki leystur með því að einblína á skuldahliðina. Nauðsynlegt sé að fjölga störfum og auka kaupmáttinn. Um leið verði öllum gert mögulegt að breyta

einfalt skattkerfi er mun líklegra til þess að skila árangri en háir skattar og flókið kerfi.

Bjarni segir að huga verði sérstaklega að stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja enda verði ekki sótt fram nema þau standi styrkum fótum. „Við sjálfstæðismenn höfum miklar áhyggjur af því að samkeppnisstaða hafi verið skekkt,“ segir Bjarni og bætir við að þær miklu breytingar sem orðið hafa á eignarhaldi í atvinnulífinu undanfarin ár geti, ef ekki verður að gætt, haft afar slæm áhrif á samkeppni og stöðu smærri fyrirtækja. „Samkeppnisfirtilitið hefur þegar bent á hættuna sem fylgt getur of hægri endurskipulagningu skulda. Það eru ekki réttu hvatarnir til staðar til að vinna hratt og ákveðið í þessum málum. Ég hef jafnframt verulegar áhyggjur af stöðu fyrirtækja í

„Vandi heimilanna verður ekki leystur með því að einblína á skuldahliðina. Nauðsynlegt er að fjölga störfum og efla kaupmáttinn.“

verötryggðum íbúðalánum í óverötryggð og yfirskuldsett heimili geti skilað húsnæði sínu til viðkomandi lánastofnunar. „Við viljum að fólki verði gert kleift að byrja upp á nýtt ef staðan er annars óviðráðanleg,“ segir Bjarni Benediktsson.

Sjálfstæðisflokkurinn boðar umfangsmiklar fjárfestingar í innviðum, auk þess sem ráðist verði í virkjanir á grundvelli framkvæmdaáætlunar Landsvirkjunar. Samhliða verði gerð sátt um stjórnkerfi fiskveiða. Þá er lagt til að allar skattahækkningar síðustu ára, jafnt á heimili og fyrirtæki, verði dregnar til baka. Fyrir ríkissjóð skiptir mestu að skattstofnarnir stækki. Lágir skattar og

samkeppnisrekstri sem takast á við félög sem bankar eða hinir risavöxnu lífeyrissjóðir fara nú með eignarhaldið á. Fullt tilefni er til að kortleggja þessar eignabreytingar og áhrif þeirra á heilbrigða samkeppni mun betur en gert hefur verið.

Tillögur sjálfstæðismanna miða að því að stöðva skuldasöfnun ríkisins, skera niður útgjöld og auka fjárfestingu í atvinnulífinu. Þá verði að eyða þeirri pólitísku óvissu sem hefur verið sköpuð af stjórnvöldum, en nú er Ísland flokkað með löndum eins og Egyptalandi, Sambíu, Rússlandi og Kína. Traust sé forsenda þess að fjárfestingar hefjist að nýju.

29%

Verðbólga, lægri laun og skattahækkunir hafa skert ráðstöfunartekjur. Á síðustu tveimur árum lækkaði kaupmátturinn um 29%

1.803.000.000.000

Heildarskuldir ríkissjóðs námu 1.803 milljörðum króna í lok júní eða sem svarar 111% af áætlaðri landsframleiðslu ársins

STÓRAUKNAR FJÁRFESTINGAR, RÁÐIST GEGN ATVINNULEYSI OG SKULDIR LEIÐRÉTTAR

„Hverfum frá skattahækkunum, komum böndum á ríkisfjármálin og styrkjum heimilin og fyrirtækin. Umsvif hins opinbera eru orðin of mikil,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins

„Þetta eru ítarlegustu tillögur í efnahagsmálum sem sést hafa á Alþingi um langt skeið,“ segir Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins leggur fram þingsályktun þar sem kynntar eru röttækar tillögur í efnahagsmálum. Bjarni segir að verði tillögnum hrint í framkvæmd hefjist nýtt framfaraskið með bjartari framtíð, aukinni atvinnu, bættri stöðu heimilanna og jákvæðum áhrifum á stöðu og afkomu ríkissjóðs og sveitarfélaga. Hægt sé að ná fullri atvinnu á tveimur til þremur árum með auknum fjárfestingum og umsvifum í atvinnulífinu. Samhliða verði mögulegt að draga til baka skattahækkunir síðustu ára og ljúka við að leiðrétta skuldir heimila og fyrirtækja.

Bjarni Benediktsson segir Íslendinga vera fasta í vítahring skattahækkana og niðurskurðar. Sjálfstæðisflokkurinn hafi varað við þessari hættu þegar vinstri stjórn Jóhönnu Sigurðardóttur komst til valda. Íslendingar verði að brjótast út úr þessum vítahring og tillögur sjálfstæðismanna í efnahagsmálum séu leiðin til þess: „Meginmarkmiðið er að skapa störf og aðstoða heimilin til að standa undir skuldbindingum sínum. En það verður ekki gert nema með því að ýta undir auknar fjárfestingar. Það er hlutverk okkar sem sitjum á Alþingi að tryggja hagfellt umhverfi fyrir atvinnulíf og heimilin. Það er skylda okkar að segja atvinnuleysinu stríð á hendur og hefja sókn til bættra lífskjara.“

„Það eru allar forsendur til þess að við Íslendingar endurheimtum stöðu okkar sem ein af tekjuhæstu þjóðum heims þar sem allur almenningur býr við bestu lífskjörin.“

Tillögur Sjálfstæðisflokksins gera ráð fyrir að ráðist verði í átak í samgöngumálum. Þá verði áformum Landsvirkjunar fylgt eftir og óvissu um framtíð sjávarútvegsins eytt með sátt um fiskveiðistjórnunarkerfið. „Eg fullyrði að slíkri sátt má ná án þess að undirstöður greinarinnar verði settar í uppnám. Það er brýnt hagsmunamál þjóðarinnar allrar að breytingar á úthlutun aflaheimilda dragi ekki úr verðmætasköpun sjávarútvegsins,“ segir Bjarni.

Ríkið er of umsvifamikilið

En það þarf að huga að umfangi hins opinbera sem er orðið of mikið. „Aldrei hafa færri starfsmenn í einkageiranum staðið undir jafn mörgum,“ segir Bjarni en á síðasta ári báru um 125 þúsund starfsmenn í einkageiranum uppi um 42 þúsund opinbera starfsmenn, um 14 þúsund atvinnulausa og 137 þúsund aðra einstaklinga sem voru utan vinnumarkaðar. „Fyrir liggur að ekkert svigrúm er til aukinna ríkisútgjalda næstu árin. Það þarf því að endurskilgreina þjónustu hins opinbera og tryggja að við fáum betri þjónustu fyrir sömu eða minni peninga. Ríkið má ekki verða upphaf og endir alls lífi okkar,“ segir Bjarni Benediktsson.

HÆGT VERÐI AÐ BREYTA LÁNUM Í ÓVERÐTRYGGÐ

Afnám verðtryggingar, eitt og sér, mun ekki hjálpa skuldugum heimilum. Hins vegar er mikilvægt að þau heimili sem það kjósa, eigi kost á óverðtryggðum íbúðalánnum. Í tillögum sjálfstæðismanna kemur fram að með því verði hægt að endurheimta trú á fjármálakerfið um leið og heimilin verði ekki jafn háð sveiflum í verðbólgu, a.m.k. ef um er að ræða fastvaxtalán.

Nái tillögur Sjálfstæðisflokksins fram að ganga mun öllum viðskiptavinum Íbúðalánasjóðs verða boðið að breyta verðtryggðum lánnum yfir í óverðtryggð með föstum vöxtum til fimm ára en að þeim tíma liðnum beri þau breytilega vexti. Það myndi hraða því að heimilin öðluðust trú á fjármálakerfið auk þess sem peningamálaaðgerðir Seðlabankans myndu verða

Undið ofan af skattahækkunum

Í tillögum Sjálfstæðisflokksins er meðal annars lagt til að allar skattahækkunir frá árinu 2009 verði dregnar til baka. „Við þurfum sterkari skattstofna, ekki hærri skatta á alla hluti. Meira að segja brýnustu nauðsynjar eins og heitt vatn og rafmagn hafa lækkað með sköttum,“ segir Bjarni.

Lækkun virðisaukaskatts

Bjarni Benediktsson segir að huga verði sérstaklega að stöðu barnafjölskyldna en úttekt Seðlabankans frá 2010 sýndi að afkoma þeirra hefur versnað til muna undanfarin ár. Við núverandi aðstæður í ríkisbúskapnum sé því miður óraunhæft að stefna að almennri lækkun virðisaukaskatts með einu skattþrepi. „Hins vegar er skynsamlegt að nýta lægra skattþrepið nú til að styðja betur við barnafjölskyldur,“ segir Bjarni sem telur rétt að færa barnavörur í neðra virðisaukaskattsþrepið. Þannig myndi virðisaukaskattur á þessar vörur lækka úr 25,5% í 7%.

„Barnafjölskyldur eyða stórum hluta ráðstöfunartekna sinna í að fæða og klæða börn sín. Barnaföt og aðrar nauðsynjar tengdar barnaupplendi eru dýrar á Íslandi í samanburði við mörg nágrannalönd,“ segir Bjarni og bendir á að virðisauka-

skatturinn sé víða mun lægri í öðrum löndum og í sumum enginn, eins og á við um barnaföt í Bretlandi. „Þetta hefur leitt til þess að verslunin hefur í nokkrum mæli flust úr landi.“

„Það er því ótvírætt að með þessari aðgerð væri komið mjög til móts við þann hóp í samfélaginu sem hvað verst hefur orðið úti í efnahagsþrengingunum. Um leið myndi verslunin styrkjast,“ segir Bjarni Benediktsson.

Endurheimtum stöðu okkar í fremstu röð

Bjarni segist sannfærður um að með sameiginlegu átaki megi hefjast handa án frekari tafa. „Það eru allar forsendur til þess að við Íslendingar endurheimtum stöðu okkar í hópi þeirra þjóða þar sem lífskjörin eru hvað best.“ Hann segir að til þess að það verði að veruleika verði að vera fyrir hendi trú á efnahagslífið. „Við þurfum nýja stefnu í efnahagsmálum, nýtt upphaf á öðrum forsendum en nú er byggt á. Það verður að eyða þeirri pólitísku óvissu sem nú ríkir og hverfa frá þeirri nauðhyggju sem einkennir stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og sækja fram af fullum krafti.“

áhrifameiri. Því er fagnað að bankarnir séu þegar farnir að bjóða upp á fjölbreyttari lánakosti.

Mikilvægt er að fjármálastofnanir sýni fram á með sannfærandi hætti hve stór hluti lána til heimilanna sem fluttur var milli gömlu og nýju bankanna, var afskrifaður. Sýna þarf fram á hve stór hluti svigrúmsins hefur þegar verið notaður í þágu heimilanna. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins leggja á það þunga áherslu að tryggt verði að allt svigrúm verði notað til að leiðrétta skuldir heimilanna: „Stjórnendur fjármálastofnana verða að gera sér grein fyrir því að traust á bankakerfið er í algjöru lágmarki og að það verður ekki endurheimt fyrr en þjóðin er sannfærð um að ekki sé verið að hlunnfara hana.“

108

Skattbyrðin á fólk og fyrirtæki var aukin um tæpa 24 milljarða árið 2009, um 52 milljarða 2010, um 14 milljarða 2011 og um 18 milljarða á næsta ári. Alls 108 milljarðar

5.900

Á árunum 2008-2010 fluttu um 5.900 fleiri frá landinu en til þess. Þar af fluttu um 3.600 fleiri íslenskir ríkisborgarar frá landinu en til þess. Af þeim voru 38% á aldrinum 30-44 ára

14.000

Til að hægt sé að útrýma atvinnuleysi þarf að skapa um 14 þúsund ný störf á næstu tveimur árum



HEIMILT AÐ SKILA LYKLUM – SKATTAHÆKKANIR DREGNAR TIL BAKA

„Við þurfum að auka kaupmátt heimilanna,“ segir Ólöf Nordal varaformaður Sjálfstæðisflokksins. „Til lengri tíma litið er það mikilvægasta verkefnið.“

Þótt gripið hafi verið til aðgerða til að aðstoða skuldsett heimili er ljóst að ganga verður enn lengra en gert hefur verið. Sjálfstæðisflokkurinn vill að þær fjölskyldur sem hanga á bjargbrúninni og geta ekki staðið undir skuldsetningu heimilisins, eigi kost á því að afsala sér eigninni til viðkomandi fjármálastofnunar, án frekari eftirmála. Þannig verði svokölluð lyklaleið virkjuð. Þá er nauðsynlegt að styrkja grunn vaxta- og húsaleigubóta, samhliða því að allar skattahækkningar á heimilin verði dregnar til baka á næstu tveimur árum.

að vinna með ríkisstjórninni að lausnum, sem miða að því að bæta hag heimila og fyrirtækja. Við höfum alla tíð verið tilbúin í slíkt samstarf. En ef ríkisstjórnin ætlar sér að halda áfram linnulausum árásum á atvinnulífið og leggja hvern steininn á fætur öðrum í götu uppbyggingar og hunsar þarfar heimilanna fyrir aukinn kaupmátt og aukna velmegun, mun Sjálfstæðisflokkurinn taka til varna fyrir heimili og fyrirtæki.“ Þær lausnir sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt fram um aðgerðir í efnahagsmálum miða fyrst og fremst að því að koma hjólum atvinnulífsins af stað. „Grunnurinn að þessu öllu eru

„Við verðum að auka ráðstöfunartekjur heimilanna og það er annars vegar gert með lækkingu skatta og hins vegar með sókn í atvinnulífinu.“

Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir það skjóta skökku við að á sama tíma og venjulegir launþegar berjist við að láta enda ná saman meðal annars vegna mikilla skattahækkana, haldi ríkisstjórnin sig við gæluverkefni og boði frekari skattahækkningar. „Stjórn og stjórnarandstaða eiga að vinna saman að því að bæta hag heimilanna, auka kaupmátt og marka brautina þannig að atvinnulífið geti byggt sig upp að nýju. Við eigum í sameiningu að segja atvinnuleysinu stríð á hendur og byggja upp öflugt hagkerfi, en láta af stöðugum árásum á einstakar atvinnugreinar.“

Að sögn Ólafar er það skylda stjórnvalda að hlusta á tillögur sem eru til þess fallnar að hefja hér sókn í atvinnumálum. Því miður hafi ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur litið með slíkar tillögur gert. „Sjálfstæðisflokkurinn er reiðubúinn til

heimilin,“ segir Ólöf. Þótt gripið hafi verið til ýmissa aðgerða til að koma til móts við heimili sem glíma við gríðarlegan vanda, sé ljóst að ekki hafi verið nóg gert. „Þess vegna leggjum við sjálfstæðismenn fram viðamiklar tillögur til að koma til móts við heimilin. Hægt er að draga úr verðtryggingu með skynsamlegum hætti og gera þeim, sem engan veginn ráða við íbúðaskuldir, mögulegt að skila eignunum til viðkomandi fjármálastofnunar. En leiðréttingar og aðgerðir í skuldamállum heimilanna eru til lítills ef ekki tekst að byggja hér upp kaupmátt að nýju. Það er ekki hægt að leysa vanda heimilanna á skuldahlíðinni einni. Við verðum að auka ráðstöfunartekjur heimilanna og það er annars vegar gert með lækkingu skatta og hins vegar með sókn í atvinnulífinu. Til lengri tíma litið er það mikilvægasta verkefnið,“ segir Ólöf Nordal.

Þrettán tillögur

- Allar skattahækkningar sem ríkisstjórnin hefur lagt á síðan 2009 verði dregnar til baka á næstu tveimur árum.
- Ríkisendurskoðun og viðeigandi aðilum (bönkunum, FME og Seðlabanka Íslands) verði falið að leggja fram upplýsingar fyrir 1. desember 2011 um hve stór hluti lána heimilanna sem fluttur var milli gömlu og nýju bankanna hafi verið afskrifaður. Jafnframt skal það útskýrt hvernig það svigrúm sem myndaðist við flutninginn hafi verið nýtt í þágu heimilanna.
- Lokið verði endurskipulagningu fjármála heimilanna. Miðað verði við svokallaða 110% leið á grundvelli fasteignamatats eða markaðsvirðis eftir því hvort viðmiðið er hagstæðara fyrir skuldarann. Mikilvægt er að allar fjármálastofnanir noti sömu viðmiði við beitingu úrræðisins.
- Öllum viðskiptavinum Íbúðalánasjóðs verði boðið upp á að skipta úr verðtryggðum fasteignalánnum í óverðtryggð lán með föstum vöxtum til fimm ára en að þeim tíma liðnum verði vextir endurskoðaðir.
- Ef þau úrræði sem verða í boði fyrir heimilin duga ekki til þess að viðkomandi fjölskyldur geti staðið við skuldbindingar sínar þarf þeim að vera heimilt að afsala fasteign sinni til viðkomandi fjármála-stofnunar. Falli þá niður allar kröfur á skuldara vegna húsnæðis í framhaldinu. Þetta úrræði sem hugsað er til að forðast óþarfa gjaldþrot verði í boði til loka árs 2013.
- Stimpilgjöld verði afnumin í þeim tilgangi að auka samkeppni fjármálastofnana og auðvelda einstaklingum að njóta bestu kjara við endurfjármögnun skulda.
- Tryggt verði að afskrifaðar skuldir einstaklinga myndi ekki stofn til töku tekjuskatts.
- Framkvæmd laga um endurútreikning gengistryggðra lána hefur verið umdeild. Hana þarf að endurskoða þannig að tryggt sé að rétt verði gert upp.
- Leita þarf leiða til að auðvelda fyrstu fasteignakaup.
- Grundvöllur vaxta- og húsaleigubóta verði styrktur í þágu þeirra fjölskyldna sem búa við bágust kjörin.
- Tollar, vörugjöld og aðflutningsgjöld af nauðsynjavörum verði endurskoðuð með það að markmiði að lækka vöruverð og örva verslun í landinu.
- Taka þarf sérstakt tillit til bænda vegna þess vanda sem felst í misræmi á milli eignastöðu og afkomu.
- Viðisaukaskattur á barnaföt og nauðsynjavörur tengdar barnaupveldi verði færður í neðra skattþrepið.



11.000

Ætla má að um það bil 11.000 manns verði að störfum vegna orkuframkvæmda, uppbyggingar í iðnaði og vegna óbeinna áhrifa tengdum framkvæmdunum

1,4%

Framkvæmdir í orkuvinnslu og iðnaðaruppbyggingu myndu leiða til þess að hagvöxtur ykist um 1,4% á ári að meðaltali fram til ársins 2017



10%

Samanlagður hagvöxtur vegna orkuframkvæmda og iðnaðaruppbyggingar verður rúmlega 10%

AFNÁM GJALDEYRISHAFTA Á 12 MÁNUÐUM

Unnt er að aflétta gjaldeyrishöftum á skömmum tíma án þess að tefla fjármálalegum stöðugleika í tvísýnu. Gjalddeyrishöftin draga úr hagvexti og leiða til verri lífskjara og þeim mun meira sem þau standa lengur. Af þessum ástæðum segja sjálfstæðismenn að brynt sé aflétta gjalddeyrishöftunum sem allra fyrst. Áætlun sú sem Seðlabankinn hefur samið í samvinnu við ríkisstjórnina er allt of hægfaru þrátt fyrir að stjórnarandstöðunni hafi tekist að flýta henni um rúm tvö ár nú í september.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að unnt sé að aflétta gjalddeyrishöftunum á mun skemmri tíma án þess að tefla fjármálalegum stöðugleika í tvísýnu. Ein leið til að gera það gæti falist í eftirfarandi skrefum:

1. Sett verði fram trúverðug efnahagsstefna sem miðar að sjálfbærum ríkisrekstri, fullu atvinnustigi og hagvexti.
2. Meta þarf með áreiðanlegum hætti hvert jafnvægisgengi krónunnar er. Þetta er hægt að gera með því að setja upp tilboðsmarkað fyrir kaup og sölu gjalddeyrishöfta með almennastri þátttöku stofnana, fyrirtækja og einstaklinga.
3. Miða þarf gengisskráninguna við niðurstöðuna á þessum markaði og afnema gjalddeyrishöftunarnar síðan á skömmum tíma í skrefum.

Sjálfstæðismenn telja að allt bendi til þess að unnt sé að afnema gjalddeyrishöftin á innan við einu ári. Til þess að tryggja árangur sé afar mikilvægt að ná samkomulagi við aðila vinnuarkaðarins um útfærslu á þessu ferli.



TEKJUHLIÐIN SKIPTIR MESTU

Sjálfstæðismenn benda á að mikill tími hafi farið til spillis frá árinu 2009 og því hafi skuldavandamál heimilanna magnast. Mikilvægt tækifæri hafi runnið úr greipum stjórnvalda þegar bankarnir voru færðir skilaneftundum. Þá hafi alltof mikill kraftur verið settur í að einblína á útgjaldahlíð heimilisbókhaldins. Tekjuhlíðin hafi orðið útundan en hún sé mikilvægari til lengri tíma litið.

Afleiðingarnar af verðbólgu, lægri launum og skattahækkunum eru þær að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna lækkaði um 16,4% að meðaltali árið 2009 og 12,6% árið 2010 þrátt fyrir að heimilað hafi verið að ganga á séreignarlífeyrissparnað.

TRYGGINGAGJALD ENDURGREITT Í TVÖ ÁR

Sjálfstæðisflokkurinn leggur til að ríkið endurgreiði fyrirtækjum ígildi tryggingagjalds í tvö ár fyrir hvern starfsmann sem ráðinn er í nýtt starf til framtíðar. Sé miðað við meðallaun er endurgreiðslan um 557 þúsund krónur á ári.

Við útreikning á endurgreiðslu verður gengið út frá fjölda starfsmanna í fullu starfi í lok árs samanborið við lok ársins á undan.

Í tillögum sjálfstæðismanna er það sagt nauðsynlegt að Vinnumálastofnun verði færð undir forræði aðila vinnuarkaðarins.



GRÆNT HAGKERFI – FJÁRFESTINGAR Í HREINNI FRAMTÍÐ

Íslenska hagkerfið er grundvallað á nýtingu náttúruauðlinda. Sjávarútvegur, landbúnaður, orkuvinnsla og ferðaþjónusta byggja á því að við förum vel með landið og miðin og gætum þess að skila auðlindunum í sem bestu ástandi til komandi kynslóða. Sjálfstæðisflokkurinn leggur þunga áherslu á að náttúruvernd og náttúrunýting verði að fara saman, sjálfbær og ábyrg nýting endurnýjanlegra auðlinda er grundvallarforsenda efnahags- og mannlífs í landinu.

Grænt hagkerfi byggir á því að markaðsskipulag og umhverfisvernd fari saman, en séu ekki andstæður eins og stundum er haldið fram. Stór hluti þeirra umhverfis- og mengunarvandamála sem við er að fást leysist með því að fyrirtæki muni koma fram með lausnir og tækni sem skila hreinna og betra umhverfi. Fjöldi dæma er nú þegar um þessa þróun bæði hérlendis og á alþjóðavettvangi. Tækniframfarir hafa til dæmis skilað umhverfisvænni bílum og umhverfisvænt eldsneyti er í stöðugri þróun, m.a. hér á Íslandi.

Mikil tækifæri leynast í umhverfismálum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Mikil eftirspurn er eftir ýmskonar tæknilausnum, hugbúnaði og vélbúnaði sem hjálpar fyrirtækjum að mæta sívaxandi kröfum um umhverfisvernd og bættu orkunýtingu. Dæmi um íslenskt fyrirtæki sem hefur haslað sér völl á þessu sviði er Marorka sem selur á alþjóðavettvangi orkusparandi lausnir fyrir skip af ýmsum gerðum og stærðum.

Mikilvægt er að beita hvetjandi aðgerðum í efnahagslífinu til að ýta undir græna efnahagsstarfsemi. Boð og bönn munu ekki leiða fram hagkvæmar lausnir á þeim vanda sem við er að

etja í umhverfismálum. Erlendir fjárfestingasjóðir sérhæfa sig margir í því að fjárfesta í grænum iðnaði og tækni sem nýtist í því að gera mengandi framleiðslu græna. Mikil tækifæri eru fyrir Ísland í því að sækja slíkt fjármagn til landsins, tækifæri sem bæði lítil og meðalstór fyrirtæki geta nýtt sér.

Fjárfestingar sem miða að því að þróa tækni sem gagnast í umhverfismálum geta gefið af sér fjölda vel launaðra starfa hér á landi. Möguleikar á útflutningi á vörum byggðum á slíkrri tækni eru óþrjótandi, eftirspurn mun einungis aukast á næstu árum og áratugum á þessu sviði.

Hrein endurnýjanleg orka, landbúnaður og sjávarútvegur eru greinar þar sem Ísland á tækifæri til að þróa lausnir í umhverfismálum sem geta lagt grunn að auknum útflutningi. En einnig á öðrum sviðum eru tækifærin óþrjótandi. Sem dæmi má taka að umfangsmikill áliðnaður hér á landi hefur gefið af sér mikla tækniþekkingu á því sviði. Mikið er til að vinna eftirtekst að þróa tækni sem dregur úr mengun vegna álframleiðslu. Fjöldi fyrirtækja á Íslandi á möguleika á því að vinna með áliðnaðinum í að grænka þá framleiðslu.

Áhersla á grænt hagkerfi er því áhersla á hagvöxt sem er varanlegur og í sátt við náttúruna. Þessi áhersla gerir ekki tilkall til þess að núllifandi kynslóð afsali sér lífsgæðum í þágu ófæddra kynslóða. Þvert á móti snýr áherslan á græna hagkerfið að því að auka lífsgæði í bráð og lengd. Samkeppnishæfni grænna hagkerfa mun verða meiri eftir því sem árin líða í samanburði við þau sem ekki grípa til skynsamlegra aðgerða í þessum málum.

FULLRI ATVINNU NÁÐ Á TVEIMUR ÁRUM

Efnahagslausnir sjálfstæðismanna miða að því að skapa efnahagsleg skilyrði til þess að ná aftur fullu atvinnustigi á næstu tveimur árum og að kaupmáttur heimilanna aukist hratt og örugglega. Auk þess verði dregið úr efnahagslegri óvissu, tryggt að fjármál hins opinbera verði sjálfbær og staða Íslands sem ein af tekjuhæstu þjóðum heims endurheimt. Í þingályktunartillögu Sjálfstæðisflokksins segir að til þess að þessi markmið náist þurfi:

- Að endurheimta trú fjárfesta og almennings á íslenskt efnahagslíf.
- Að setja fram áætlun um að eyða halla á ríkissjóði á þann hátt að sem minnst dragi úr eftirspurn í hagkerfinu og að

vörður sé staðinn um þá sem minnst mega sín.

- Að lækka skuldir og þar með vaxtaþyrði ríkissjóðs.
- Að setja fram tillögur í peningamálum þannig að trúverðugleiki peningastefunnar verði endurheimtur, gjalddeyrishöft afnumin og samspil peninga- og fjármálastefunnar verði formgert.
- Að setja fram áætlun um aukna fjárfestingu og fullt atvinnustig sem leið til hagvaxtar og endurheimtar skattgrunna.

Með því að ná þessum markmiðum eru traustar stöðir settar undir íslenskt efnahagslíf.

-55%

Samdráttur fjárfestingar atvinnuveganna var hvorki meira né minni en 55% árið 2009 og um 23,5% á árunum 2007 og 2008

13%

Fjárfesting á Íslandi er í sögulegu lágmarki. Á síðasta ári var fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu aðeins 13%. Meðaltal ríkja OECD var um 20% síðasta aldarfjórðung

30%

Sjálfstæðismenn vilja að fyrirtæki sem fjárfesta á næstu tveimur árum geti afskrifað fjárfestingarnar 30% hraðar en núverandi skattareglur leyfa til að örva fjárfestingu

FJÁRFESTING AUKIST UM 250 MILLJARÐA Á NÆSTU TVEIMUR ÁRUM



Nái ítarlegar tillögur Sjálfstæðisflokksins í efnahagsmálum fram að ganga, mun fjárfesting aukast um 250 milljarða króna á næstu tveimur árum. Í þingsályktunartillögu þingflokks Sjálfstæðisflokksins, sem lögð hefur verið fram, segir að með því að stuðla að aukinni fjárfestingu megi skapa allt að 14 þúsund ný störf og um leið styrkja tekjugrunn ríkissjóðs.

Lausnirnar miða að því að stórauka fjárfestingu í innviðum og orkuverum. Með því að eyða óvissu um framtíð sjávarútvegs mun fjárfesting í greininni aukast og sama er að segja um fjárfestingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Með því að eyða óvissu um framtíð sjávarútvegs mun fjárfesting í greininni aukast. Sama er að segja um fjárfestingu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Fjárfesting í innviðum stóraukin.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa gagnrýnt stjórnvöld fyrir að standa í vegi fyrir fjárfestingum. Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir í leiðara fréttabréfs samtakanna að skortur „á fjárfestingum, slakur hagvöxtur og viðvarandi atvinnuleysi eru stóru atriðin sem vantar í þá glæsimynd sem stjórnvöld draga upp af árangri sínum af samstarfinu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn“. Vilhjálmur segir að þrátt fyrir „að segjast í orði sem á borði vera sammmála aðilum vinnuamarkaðarins um nauðsyn fjárfestinga og hagvaxtar hafa hugmyndafræðileg vandamál og þörf fyrir blóraböggla staðið í vegi fyrir því að góð tækifæri hafi nýst og árangur lætur á sér standa“.

Þessi gagnrýni Vilhjálms er í takt við ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Ísland í október um fjárlagafrumvarp komandi árs. Þar er meðal annars bent á að á sama tíma og forsætisráðherra lýsi því yfir að fjölga eigi störfum um 7.000 með auknum framkvæmdum sé dregið úr framlögum til viðhalds- og fjárfestinga: „Ekkert bólar á endurskoðaðri efnahagsstefnu þar sem tekist er á við brýn úrlausnarefni á borð fjárfestingaráætlun, hagvaxtaráætlun og stefnu stjórnvalda í vaxta-, gengis- og verðlagsmálum.“

Aukin fjárfesting mun verða til þess að störfum hér á landi


mun fjölga verulega. Þannig má reikna með að fjárfesting í virkjunum og iðnaði tengdum raforkusölu leiði til tvö þúsund nýrra starfa á næsta ári og 1.500 árið 2013 og er þá ekki reiknað með virkjunum í neðri Þjórsá. Uppbygging innviða skapar 850 ný störf á komandi ári en engin aukning verður á árinu 2013. Fjárfestingar tengdar sjávarútvegi fjölga störfum um eitt þúsund á næsta ári og 500 árið 2013. Ný störf í litlum og meðalstórum fyrirtækjum er áætlað að verði um fimm þúsund á næsta ári og þrjú þúsund árið 2013. Er þar bæði átt við bein störf en einnig afleiðd störf af fjárfestingum í orkuverum, sjávarútvegi og innviðum.

ATVINNUEGIR Í FROSTI

Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar stóð fjárfesting atvinnuveganna í stað á síðasta ári eftir mikinn samdrátt þrjú ár þar á undan. Samdrátturinn var hvorki meira né minna en 55% árið 2009 og um 23,5% árið 2007 og 2008.

Almennt var minni fjárfesting í byggingum og mannvirkjum en þyngst vó minni fjárfesting í stóriðju- og orkuverum. Fjárfesting hins opinbera dróst saman um 19% á árinu 2010 og um 32% á árinu 2009. Að raungildi var fjárfesting alls á síðasta ári svipuð og árið 1996.

Fjárfesting í milljónum króna:



ÁVINNINGUR HINS OPINBERA ER 34 MILLJARÐAR KRÓNA

Ríki og sveitarfélög eiga mikilla hagsmuna að gæta við að byggja upp atvinnu. Ávinningur hins opinbera fari einstaklingur af bótum og í vinnu á meðaltekjum er verulegur, eða líðlega 188 þúsund krónur á mánuði. Þar af er ávinningur ríkisins nær 146 þúsund krónur.

Eitt þúsund ný störf fyrir þá sem nú þiggja atvinnuleysisbætur munu auka tekjur ríkis um 1,74 milljarða króna á ári og tekjur sveitarfélaga um 520 milljónir eða samtals um tæplega 2,3 milljarða á ári. Miðað við 15 þúsund ný störf væri ávinningur hins opinbera 34 milljarðar króna á ári. Þá er ótalin allur sá kostnaður sem sparast og tengist þeim sem þiggja atvinnuleysisbætur. Að auki spara atvinnurekendur greiðslur atvinnuleysisbóta sem nemur 161,5 þúsund krónum á mánuði eða 1,9 milljónir fyrir hvert starf á ári. Þessum ábata fyrirtækjanna mætti síðan ráðstafa til fjárfestinga eða hækkunar launa. Samtals batnar afkoma samfélagsins um 4,2 milljónir króna á hvert starf.

Í þingsályktun Sjálfstæðisflokksins er bent á að stjórnvöld hafi gríðarlegan fjárhagslegan ávinning af því að fjölga störfum og fækka þeim sem þiggja atvinnuleysisbætur. „Það er því eðlilegt og rökrétt að stjórnvöld gripi til sérstakra tímabundinna ráðstafana til að hvetja til nýrra starfa t.d. næstu tvö ár eða á þeim tíma sem rekstrarstaða fyrirtækja er veik og gefur að óbreyttu ekki mikið svigrúm til fjárfestinga,“ segir í greinargerð með tillögunni.

Aukin fjárfesting

Í milljónum króna	2012	2013
Fjárfesting í innviðum	26.400	29.500
Fjárfesting í sjávarútvegi	26.500	26.500
Fjárfesting í orkuverum	25.500	52.650
Fjárfesting lítilla og meðalstórra fyrirtækja	41.600	21.350
Samtals	120.000	130.000

Fjölgun starfa

	2012	2013
Orkuver og iðnaður	2.000	1.500
Uppbygging innviða	850	-
Sjávarútvegur	1.000	500
Lítill og meðalstór fyrirtæki, bein og óbein störf	5.150	3.000
Samtals	9.000	5.000

42

56

155



Nú eru 42 einbreiðar brýr á hringveginum, 39 á Suðausturlandi og þrjár á Norðausturlandi. Áætlað er að 15 milljörðum verði varið til að auka umferðaröryggi

Umfangsmiklum framkvæmdum hrint af stað í vegamálum. Á tveimur árum yrði varið 56 milljörðum til þeirra

Gjaldeyrstekjur af ferðamönnum námu um 155 milljörðum árið 2009 að teknu tilliti til umsvifa ferðaþjónustufyrirtækja erlendis



BYRJUM AÐ VINNA

Þeir verktakar sem rætt er við eru sammála um nauðsyn þess að hrinda framkvæmdum af stað í vegagerð. Árni Helgason, sem rekur samnefnt verktakafyrirtæki á Ólafsfirði, segir að það vanti allt viðhald og vegakerfið liggði undir skemmdum vegna þessa. „Menn verða að fara taka sig á,“ segir Árni Helgason. Bjarni Vigfússon eigandi Stafnafellis á Snæfellsnesi er með skýr skilaboð: „Við þurfum að hætta þessari vitleysu og byrja að vinna.“

ARÐBÆR SAMGÖNGUVERKEFNI

„Við hjá Loftorku erum svo lánsöm því starfsfólkið er samheldið, duglegt og afbragðs fagfólk,“ segir Andrés Sigurðsson framkvæmdastjóri hjá Loftorku Reykjavík. „Saman höfum við bitið í skjaldarrendur og staðið af okkur kreppuna. Okkar von og víska er að stjórnvöld hafi þá framtíðarsýn að íslenskt samfélag hafi áfram þörf fyrir okkar kunnáttu og þekkingu og við getum áfram unnið við arðbær samgönguverkefni sem auka samkeppnishæfni og velsæld fyrir íslenska þjóð.“



MALA GULL FYRIR ÞJÓÐINA

„Á undanförunum áratugum höfum við víða komið við,“ segir Dofri Eysteinnsson, framkvæmdastjóri Suðurverks. Hann segir afraksturinn af starfi Suðurverks fjölmörg smá sem stór verkefni sem núna mali gull fyrir þjóðina. „Við höfum verið lánsöm með verkefnafl og starfsfólk. Við höfum vaxið af verkum okkar og aflað okkur þekkingar og getu til vinna við erfiðustu skilyrði og fullnægt kröfuhörðum kaupendum. – Nú þegar allt er að dragast saman og verða að engu, er mikilvægara en nokkru sinni að auka opinberar arðbærar fjárfestingar og koma hjólunum af stað, áður en allt ryðgar fast.“

SKJÓTVIRKASTA LEIÐIN ÚR KREPPUNNI

„Ég hef þá trú að besta og skjótvirkasta leiðin út úr kreppunni sé fjárfesting í innviðum,“ segir Sigbór Sigurðsson framkvæmdastjóri Hlaðbæjar Colas. „Bætt vegakerfi, bætt fjarskipti og bættir orkuflutningar eru allt afgerandi árangursþættir þegar samfélög eiga í samkeppni. Okkar samkeppnislönd eru næstu nágrannar okkar og þess vegna megum við ekki dragast um of afturúr ef við ætlum að eiga þá von að vera samkeppnisfær um lífskjör til framtíðar. Fjárfesting í innviðum er því nauðsynleg, bæði til skamms og lengri tíma. – Margra ára fjárfestingastopp ber dauðann með sér – bæði hverfur dýrmæt verkþekking og reynsla og smám saman á samfélagið erfiðara að fóta sig í samkeppni þjóðanna.“



STÓRÁTAK Í VEGAGERÐ

Forgangsröðun miðist við að tryggja umferðaröryggi

Tillögur sjálfstæðismanna miðast við að auka fjárfestingar í innviðum þjóðfélagsins verulega. Um 26,4 milljörðum króna verður varið í fjárfestingar á komandi ári og 29,5 milljörðum árið 2013. Kjörið tækifæri er til að ráðast í uppbyggingu innviða. Framleiðslugetan er fyrir hendi, fjárfestingin ýtir þjóðfélaginu af stað og bættir innviðir leiða til aukinnar framleiðni hjá fyrirtækjunum og þar með til aukins hagvaxtar.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er bent á að með þessu verði útgjöld ríkissjóðs rúmum 45 milljörðum hærri en ella en þó versnar afkoma ríkissjóðs ekki nema um tæpa 12 milljarða hvort ár þar sem virðisaukaskattur, aðflutningsgjöld og aðrir skattar vegna umsvifanna koma tekjumegin í bókhald ríkisins á sama tíma.

Alls má ætla að um 1.800 ársverk skapist vegna þessa. Ljóst er að með auknum fjárfestingum fær verktakaiðnaðurinn vítamínssprautu, en hann varð fyrir verulegum áföllum í kjölfar hruns bankanna.

Í áætluninni er gert ráð fyrir að sérstakt átak verði gert til að auka umferðaröryggi á vegum landsins, s.s. með því að fækka einbreiðum brúm. Nú eru t.a.m. um 42 einbreiðar brýr á hringveginum, 39 á suðausturlandi og þrjár á Norðausturlandi. Áætlað er að 15 milljörðum verði varið til átaks um aukið umferðaröryggi á næstu tveimur árum.

Árið 2014 verða útgjöld til innviða færð aftur í eðlilegt horf enda er gert ráð fyrir því að þá verði hagvöxtur kominn af stað og að fullu atvinnustigi verði náð.



60% ÆTLA EKKI AÐ FJÁRFESTA

Nærri sex af hverjum tíu fyrirtækjum innan Samtaka atvinnulífsins hyggjast ekki leggja í umtalsverðar fjárfestingar eða endurbætur á næsta ári, 27% telja það óvíst en einungis 14% hyggjast gera það. Þetta kemur fram í nýrri könnun SA á fjárfestingaráformum fyrirtækjanna. Þegar svörum er skipt eftir atvinnugreinum kemur í ljós að niður-stöður í sjávarútvegi, iðnaði, og verslun og þjónustu eru svipaðar heildarniður-stöðunni, þ.e. aðeins 11-14% fyrirtækjanna í þessum greinum áforma fjárfestingar á næsta ári, en 55-62% ætla ekki að gera það. Það eru helst aðilar í ferðaþjónustu sem huga að fjárfestingu. Um 26% þeirra fyrirtækja hyggjast ráðast í fjárfestingar en 35% ekki. Við þessu þarf að bregðast.

Ellefu tillögur

Fjárfestingar atvinnulífsins

- 1 Fallið verði frá þeim hugmyndum sem birtust í frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða. Þess í stað verði staðið við þá sátt sem náðist haustið 2010 og fól í sér að gerðir verði nýtingarsamningar við útgerðir til lengri tíma, með skýrum endurnýjunarrétti. Fyrir þennan nýtingarrétt greiði útgerðir gjald í ríkissjóð. Þannig verði óvissu eytt í mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar og þar með verði lagður grunnur að fjárfestingum greinarinnar.
- 2 Skattar verða ekki hækkaðir á atvinnulíf og á næstu tveim árum verði skattahækkunar sem orðið hafa síðan 2009 dregnar til baka.
- 3 Ráðist verður í endurskoðun á skattaumhverfi fyrirtækja í samstarfi við atvinnulíf með það fyrir augum að einfalda skattkerfið og auka skilvirkni þess.
- 4 Fyrirtækjum sem fjárfesta á árabílinu 2012-2013 verði gefinn kostur á að afskrifa fjárfestingarnar 30% hraðar en núverandi skattareglur leyfa.
- 5 Ríkið endurgreiði fyrirtækjum ígjöld tryggingagjalds í tvö ár fyrir hvert starf sem þau ráða varanlega í af atvinnuleysissskrá, til viðbótar við þau störf sem eru þegar til staðar hjá fyrirtækinu. Hærra endurgjald verði greitt vegna þeirra einstaklinga sem hafa verið á atvinnuleysissskrá lengur en í 3 mánuði.

- 6 Lagt er til að aðilar vinnumarkaðarins taki yfir málefni Vinnuálastofnunar.

- 7 Lokið verði við endurskipulagningu skulda fyrirtækja eigi síðar en 31. mars 2012 og verði tækjum lögjafans beitt til að þvinga bankakerfið til að hlíta þeirri dagsetningu.

- 8 Brýnt er að meta áhrif á yfirtöku fjármálfyrirtækja og fjárfestingu lífeyrissjóða í atvinnulífnum með tilliti til samþjöppunar eignarhalds og samkeppnisstöðu lítilra og meðalstórra fyrirtækja.

Fjárfesting í innviðum

- 9 Alþingi feli ríkisstjórn að hefjast þegar handa við undirbúning áttaks sem miði að því að fjárfesta í innviðum samfélagsins, 22,6 milljörðum verði varið til þessa verkefnis á ári árin 2012 og 2013. Gert er ráð fyrir að sérstakt átak verði gert í umferðaröryggismálum.

- 10 Alþingi og ríkisstjórn leggi framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar til grundvallar við uppbyggingu orkuframleiðslu á næstu árum. Þó skulu framkvæmdir í neðri Þjórsá hefjast strax á næsta ári.

- 11 Lífeyrissjóðum skal gert kleift að fara út í verkefnafjármögnun með orkufyrirtækjunum, bæði hvað varðar láns- og hlutafjárfjármögnun.

23%



Hægt er auka þorskkvótann án þess að ganga á stofninn með því að hækka viðmiðunarhlutfall aflareglu úr 20% í 23%

18

Með því að auka þorskkvótann mun útflutningsverðmæti aukast um 18 milljarða króna á fiskveiðiárinu

26,5

Fyrirtæki í sjávarútvegi hafa haldið að sér höndum vegna óvissu. Uppsöfnuð fjárfestingarþörf á komandi ári er a.m.k. 26,5 milljarðar króna

TRAUST REKSTRARUMHVERFI ER FORSENDI FJÁRFESTINGA

Fjárfesting í sjávarútvegi hefur verið nálægt frostmarki frá því að ríkisstjórnin hótaði að kollvarpa stjórnkerfi fiskveiða. Afleiðingin hefur verið sú að störfum tengdum sjávarútvegi fækkar.

Fjárfesting í sjávarútvegi hefur verið nálægt frostmarki síðustu ár eða allt frá því að ríkisstjórnin hótaði að kollvarpa stjórnkerfi fiskveiða.

Afleiðingin hefur verið sú að störf tengd sjávarútvegi eru mun færri en eðlilegt er. Með því að eyða óvissu og skapa sjávarútvegi traust rekstrarumhverfi til framtíðar mun fjárfesting fara aftur af stað. Af samtölum við aðila í sjávarútvegi er ljóst að hringlandaháttur og hótanir ríkisstjórnarinnar um að bylta rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, hamla því að ráðist er í fjárfestingar.

Talið er að uppsöfnuð fjárfestingarþörf í íslenskum sjávarútvegi sé 50-60 milljarðar króna á næstu tveimur árum. Í eðlilegu árferði hefur greinin nýtt 8% heildartekna til fjárfestinga og viðhalds til lands og sjávar. Þetta jafngildir um 17 milljörðum króna á ári. Á síðasta ári var fjárfestingin aðeins 4,5 milljarðar.

„Á þriggja ára tímabili getur fjárfesting í sjávarútvegi jafngilt því að byggt sé eitt álver,“ segir Adolf Guðmundsson formaður Landssambands íslenskra útvegsmanna [LÍÚ]. Hann segir að til staðar sé veruleg þörf er varðar viðhald á skipum en auk þess þurfi að fjárfesta

verulega í landvinnslu. Ekki verði ráðist í slíkar fjárfestingar nema að menn hafi fast land undir fótum.

Sigurgeir B. Kristgeirsson framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum staðfestir að veruleg þörf sé á fjárfestingum en það sé ábyrgðarlaust af fyrirtækjum að ráðast í fjárfestingar ef þau hafa ekki traustan rekstrargrunn frá hendi löggjafans. Fyrirtæki verði að sjá lengra fram í tímann en 10 eða 15 ár. „Við þurfum að byggja allt upp – fara inn í framtíðina,“ segir Sigurgeir, „en til þess þurfum við að vita hvert okkar rekstrarumhverfi verður næstu áratugin.“

Að sögn Sigurgeirs stefnir Vinnslustöðin á að fjárfesta fyrir 2-5 milljarða króna á næstu tveimur árum, að því gefnu að óvissu um fiskveiðistjórnunarkerfið verði eytt. „Við ætlum að byggja upp fisk-vinnslu hér í Eyjum með það að markmiði að auka verðmæti,“ segir Sigurgeir.

Forráðamenn í útgerð og fiskvinnslu hafa allir sömu sögu að segja.



UNGT VEL MENNTAÐ FÓLK Í SJÁVARÚTVEGI

„Já, við vorum með tvö stór verkefni í gangi tengd landvinnslu fyrirtækisins, sem voru sett á ís,“ segir Jón Eðvald Friðriksson, framkvæmdastjóri FISK aðspurður um hvort fyrirtækið hafi frestað fjárfestingum vegna óvissu í sjávarútvegsmálum. Þá bíði endurnýjun skipastóls þess að leikreglur skýrist.

Jón Eðvald segir að ef hægt væri að horfa fram á veginn með nokkurri vissu, myndi FISK njóta þess líkt og önnur fyrirtæki í sjávarútvegi. „Við gætum þá ráðið til okkar ungt og vel menntað fólk í hin ýmsu störf, tengd þróun, rannsóknum og markaðsmálum,“ segir Jón Eðvald. „Fyrirtækið hefur getu til að fjárfesta og það kallar á mannafla við undirbúning, hönnun, uppbyggingu og úrvinnslu. Erfitt er að svara hve mörg störf yrðu til, en ef horft er einnig til þjónustustarfanna sem FISK er að kaupa til sín úr nærumhverfinu er enginn vafi á að um mörg störf er að ræða.“

FISK er með starfsemi á Grundarfirði, í Skagafirði og á Skagaströnd. Heildarfjöldi starfsmanna er um 300.

SLÆM ÁHRIF Á AFKOMU SJÓMANNA

„Þetta hringl í stjórnmöldum hefur vitanlega mjög slæm áhrif á afkomu sjómanna,“ segir Jón Ríkharrósson háseti á Ásbirni RE, „okkar afkoma er beintengd við afkomu útgerðarinnar“.

Að sögn Jóns er viðhald í lágmarki hjá útgerðum, sem hreinlega þori ekki að verja miklum fjármunum, hvorki í ný skip eða mjög kostnaðarsamt viðhald. Ásbjörn er 33 ára gamall togari sem HB Grandi gerir út. „Við höfum verið á sjó í sjö daga síðustu tvo mánuði og það hefur neikvæð áhrif á buddur áhafnarinnar og útgerðin hefur orðið fyrir miklum kostnaði.“

„Síðasta vetur vorum við á veiðum, í leiðinda-brælu og talsverðum veltingi,“ segir Jón og heldur áfram: „Við félagarnir sátum í borðsalnum og vorum að spjalla á meðan verið var að safna kvikindum í trollið. Allt í einu varð allt hljótt, - það hafði drepist á vélinni. Þá voru góð ráð dýr, því ekki er hægt að hífa troll á vélarvana skipi. Ljósavélin var sett í gang, en hún náði ekki að framleiða nægilegt rafmagn til að hafa ljós á dekkinu og kraft fyrir togspilin. Við þurftum að fara upp á dekk í kolsvarta myrkrri. Þetta

var að nóttu til og velltingur. Við þreifudum okkur áfram í myrkrinu og komumst aftur á að hlerunum. Sem betur fer tókst að taka trollið án teljandi vandræða, enda vanir menn sem kunna til verka. En það getur farið illa þegar menn eru að vinna við að taka troll, í kolsvarta myrkrri og veltingi. Ekki er ótrúlegt að himnafaðirinn hafi verið okkur við hlið, en hann hjálpar okkur oft þegar hættur steðja að.“

Jón segir að síðan hafi þeir á Ásbirni verið dregnir í land. „Það var hins vegar óttalegt bras að ná dráttartauginni í svona veltingi og brælu, en það tókst að lokum. Við vorum stopp tvo daga út af þessu.“

HB Grandi er eitt öflugasta útgerðarfyrirtæki landsins með góða eiginfjárstöðu. Jón segir að forráðamenn fyrirtækisins hafi hins vegar upplýst að öllum fjárfestingum hafi verið frestað á meðan ekki liggur fyrir hvert framtíðarskipulag fiskveiðistjórnunar verður. „Hringlandaháttur stjórnvalda hefur valdið gríðarlegu tekjutapi fyrir sjómenn, útgerðir og þjóðina alla. Allir tapa og enginn græðir.“




900

Áætlaðar fjárfestingar vegna orku- og iðnaðaruppbyggingar nemi rúmlega 900 milljörðum króna fram til ársins 2020

225

Árið 2010 námu tekjur af útflutningi áls 225 milljörðum króna



500

Álfyrirtækin keyptu vörur og þjónustu, aðrar en rafmagn, fyrir um 24 milljarða af meira en 500 fyrirtækjum hér á landi árið 2010

SKIPTIR Æ MEIRA MÁLI

Áliðnaðurinn á Íslandi skiptir þjóðarþíði æ meira máli. Á síðasta ári námu tekjur af útflutningi áls 225 milljörðum króna sem svarar til um það bil 25% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Innlend útgjöld íslensks áliðnaðar námu um 80 milljörðum króna á árinu eða yfir 200 milljónum á degi hverjum. Samkvæmt upplýsingum Samtaka álframleiðenda á Íslandi vinna um 1.800 manns hjá álfyrirtækjunum en greinin skapar hátt í fimm þúsund störf hér á landi.

Veruleg aukning hefur orðið á útflutningi áls á síðustu árum enda hefur álverum fjölgað. Alls nemur aukningin um 180 milljörðum króna á tíu árum. Fyrirtækin keyptu vörur og þjónustu, aðrar en rafmagn, fyrir um 24 milljarða af meira en 500 fyrirtækjum hér á landi árið 2010.

Stóriðjan er nánast það eina, ásamt orkuverkefnum, sem hefur haldið sjó. Án verkefna í þeim geira, sem helst ekki má tala um, væri hér neyðarástand hjá tæknimenntuðu fólki,“ sagði Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, sem er stærsta verkfræðistofa landsins, í viðtali við Morgunblaðið 29. september síðastliðinn. Nú starfa yfir 200 manns á verkfræðistofunum fyrir álverin, sem sé gríðarleg aukning frá árinu 1995 þegar um eða innan við tugur manns kom að slíkum störfum hjá stofunum.



LÍFEYRISSJÓÐIR FJÁRFESTI BEINT Í VIRKJUNUM

Auðvelt er að fjármagna þann hluta kostnaðar við virkjanir sem fellur til hér á landi. Þar geta lífeyrissjóðirnir gegnt lykilhlutverki. Sjóðirnir verða að ávaxta það fé sem til þeirra er greitt og það fellur vel að fjárfestingastefnu lífeyrissjóðanna að lána fé til virkjunarframkvæmda.

Þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilja að opnað verði á þann möguleika að lífeyrissjóðirnir taki beinan þátt í uppbyggingu einstakra virkjana, ef Landsvirkjun meti það sem svo að nauðsynlegt sé að fá auknið eigið fé til framkvæmdanna. Arðsemi virkjana er góð og því gæti það verið góður kostur fyrir lífeyrissjóðina að gerast beinir eignaradilar að virkjunum. Vegna þessa þarf að breyta lögum og gera lífeyrissjóðunum kleift að fara út í verkefnafjármögnun með orkufyrirtækjunum, bæði með láns- og hlutafé.

„Nauðsynlegt er að hafa í huga að nýting og verndun náttúruauðlinda verður að haldast í hendur. Gæta verður þess að öfgasjónarmið ráði ekki för í þessum mikilvæga málaflokki, hvorki þeirra sem ekkert tillit vilja taka til náttúrunnar, né þeirra sem setja sig upp á móti öllum framkvæmdum.“



GRÍÐARLEG TÆKIFÆRI Í ORKUMÁLUM

Framkvæmdaáætlun Landsvirkjunar gerir ráð fyrir að fjárfest verði í orkumannvirkjum fyrir um 400 milljarða króna á næstu tíu árum. Áætlunin byggir á því að nýttir verði þeir virkjunarkostir, sem auðvelt verður að ná sátt um í þjóðfélaginu. Verði þessari áætlun hrint í framkvæmd má ætla að samhliða verði framkvæmdir vegna uppbyggingar iðnaðar um 520 milljarðar króna. Yfir 900 milljarða framkvæmdir munu gjörbreyta atvinnuástandinu og skjóta styrkri stoð undir vöxt efnahagslífsins.

Í efnahagsáætlun þingmanna Sjálfstæðisflokksins er bent á að endurreisnin felist ekki síst í því að orkulindir landsins verði virkjaðar: „Hrein orka, hugvit og fjármagn er grunnur að nýrri velferðarsókn þjóðarinnar. Staða okkar í þessum efnu er öfundsverð og með samstilltu átaki er hægt að snúa við þeirri þróun sem nú veldur atvinnuleysi, rýrnandi kaupmætti og vandamálum í rekstri ríkissjóðs.“ Bent er á að til lengri tíma litið skipti miklu að fjöldi starfa verði til með beinum og óbeinum hætti í hvers konar iðnaði sem nýtir orkuna. Ekki sé síður mikilvægt að tekjur ríkissjóðs muni stórukast, bæði

á framkvæmdatímanum og í framtíðinni vegna aukinna umsvifa í efnahagslífinu. Þá munu arðgreiðslur Landsvirkjunar skila ríkissjóði miklum tekjum og vega þungt í efnahagsmálum þjóðarinnar. „Greiðslurnar geta skapað færi á að lækka skatta og greiða niður skuldir ríkissjóðs og þannig skotið styrkum stoðum undir atvinnulíf þjóðarinnar,“ segir í tillögu sjálfstæðismanna.

Ný störf – aukinn hagvöxtur

Framkvæmdir í orku og iðnaði geta skapað allt að tvö þúsund ný störf á ári. Þegar mest verður má ætla að um það bil 11.000 manns verði að störfum vegna orkuframkvæmda, uppbyggingar í iðnaði og vegna óbeinna áhrifa þessum framkvæmdum tengdum.

Reikna má með að framkvæmdir í orkuvinnslu og iðnaðaruppbyggingu muni leiða til þess að hagvöxtur aukist um 1,4% á ári að meðaltali allt fram til ársins 2017. Þá verður samanlagður hagvöxtur vegna þessara framkvæmda orðinn rúmlega 10%.

TVÖFÖLDUN ORKUFRAMLEIÐSLUNNAR

Samkvæmt skýrslunni Orkustefna fyrir Ísland sem unnin var fyrir iðnaðarráðuneytið má ætla að mögulegt afli í vatnsorku og jarðvarma sé á bilinu 75 til 95 teravattstundir á ári. Ef einungis er litið til þeirra kosta sem ætla má að raunhæft sé að ná samstöðu um að virkja er talið að vinnanlegt afli sé að lágmarki 30 teravattstundir. Nú þegar hafa verið virkjaðar 17 teravattstundir og því ljóst að hægt er að allt að því tvöfalda orkuframleiðslu Íslendinga.

HENGTUG STÆRÐ FYRIR ÍSLENSK FYRIRTÆKI

Virkjanirnar sem ráðist verður í eru af mjög hentugri stærð fyrir íslensk fyrirtæki þegar kemur að því að bjóða verkin út. Það er því mjög líklegt að stór hluti verkefna framkvæmda verði unninn af Íslendingum. Slíkt yrði mikil lyftistöng fyrir íslensk verktakafyrirtæki sem mörg hver berjast í bökkum. Þau gætu því styrkt stöðu sín verulega, ráðið til sín fólk og nýtt vélar sínar. Hið sama á við um fyrirtæki sem þjónusta verktaka.

FRAMKVÆMDUM Í NEÐRI ÞJÓRSÁ FLÝTT

Sjálfstæðismenn benda á að með því að flýta framkvæmdum í neðri Þjórsá þannig að þær hefjist árið 2012 aukist fjárfesting í íslensku atvinnulífi umtalsvert. Um er að ræða þrjár virkjanir og með því að gera ráð fyrir að framkvæmdir hefjist um mitt ár 2012 má reikna með aukinni fjárfestingu.

250

Ríkissjóður varð af 250 milljóna tekjum vegna þess að vörugjald er lagt á iPod. Almennigur kaupir því iPod í öðrum löndum



101.841

Samkvæmt talningum Ferðamálastofu voru erlendir ferðamenn í ágúst 101.841. Erlendir ferðamenn hafa aldrei áður farið yfir 100 þúsund í einum mánuði

34.000

Aðflutningsgjöld standa íslenskri verslun fyrir þrifum og draga úr samkeppnishæfni við útlönd. 34.000 manns starfa við verslun og þjónustu á Íslandi

EINFALT SKATTKERFI

„Við sækjum ekki fram nema því aðeins að staða lítilla og meðalstórra fyrirtækja verði styrkt,“ segir Bjarni Benediktsson formaður Sjálfstæðisflokksins. „Við sjálfstæðismenn höfum miklar áhyggjur af því að samkeppnisstaða hafi verið skekkt með þátttöku Framtakssjóðs og yfirtöku banka á fyrirtækjum í samkeppnisrekstri. Það þarf því að auka mjög samkeppniseftirlit með það í huga að tryggja stöðu einkafyrirtækja á samkeppnismarkaði. Samkeppniseftirlitið hefur þegar bent á að alvarleg hættumerki séu uppi og full ástæða er til að skoða sérstaklega þróun eignarhalds í atvinnulífinu frá hrúni og meta áhrif þess á þessa þætti.“

Bjarni segir að auk þess sem skattar fyrirtækja hafi verið hækkaðir á undanförmum árum, hafi skattkerfið allt verið gert flóknara. „Flókið skattkerfi skaðar ekki síst litlu fyrirtækin. Það er allra hagur að við einföldum skattkerfið og lækkuð skattana,“ segir formaður Sjálfstæðisflokksins.


Í greinargerð með efnahagstillögunum segir að nauðsynlegt sé að ríkisstjórnin sendi þau skilaboð til þeirra ríkisstofnana sem snúa að atvinnulífinu að þær framfylgi lögum og reglum af festu, en gæti þess um leið að markmið þeirra er að hlúa að atvinnulífinu og gera landsmönnum betur kleift að stunda arðbæra verðmætasköpun í landinu. Bent er á að lítil og meðalstór fyrirtæki séu sérlega viðkvæm fyrir reglugerðafargangi og auknum kostnaði í tengslum við ýmis konar skjalagerð vegna margháttads eftirlits með starfsemi þeirra.

Sjálfstæðisflokkurinn telur nauðsynlegt að fara vandlega yfir allt regluverk hins opinbera og leita allra leiða til að einfalda rekstrarumhverfi fyrirtækja.

**Vissir þú:
Að vöflujárn bera
vörugjald en ekki
pönnukökupönnur
og að gifsplötur bera
vörugjöld en ekki
spónarplötur**

Það á að rista lóðrétt

Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, benti á í blaðagrein fyrir skömmu að skattar, tollar og gjöld séu að nokkru leyti frumskógur, sem almenningur rati illa í gegn. Almar tók skemmtilegt en lítt skiljanlegt dæmi: „Sá sem hætti við að kaupa sér brauðrist og keypti sér samlokugrill í staðinn verður að setta sig við að kaupa grillið með 20% vörugjaldi. Brauðristin er undaþegin vörugjaldi, enda engin ástæða til að rukka fyrir lóðréttu ristun. Kúamjólk ber engin vörugjöld, en af sojamjólk greiðast 16 kr. á hvern lítra.“



FLYTJUM VERSLUNINA HEIM

„Vörugjaldakerfið stórskaðar innlenda verslun og á þessum erfiðu tímum kemur ákall frá versluninni að þessari atvinnugrein verði gert kleift að vera samkeppnishæf við nágrannalöndin þannig að verslun flytjist heim, skapi störf og tekjur hér á landi,“ segir Margrét Kristmannsdóttir formaður Samtaka verslunar og þjónustu.

Í efnahagstillögum sjálfstæðismanna er lagt til að tollar og aðflutningsgjöld verði afnumin af neysluvörum. Tilgangurinn er tvíþættur; að lækka almennt vöruverð og örva verslun í landinu. Yfir 34 þúsund manns vinna við verslun og þjónustu.

Þegar rétt er við verslunarmenn kemur fljótt í ljós að aðflutningsgjöld og tollar standa íslenskri verslun fyrir þrifum og dregur úr samkeppnishæfni við útlönd. Verst er að svo virðist sem lítil rökhugsun liggja að baki vörugjöldum, og fæstir sjá nokkra skynsemi í þeim.

Margrét bendir á að af þeim 90 þúsund ipodum sem til eru í landinu hafi yfir 70 þúsund verið keyptir erlendis en aðeins 20 þúsund innanlands - að stórum hluta í Fríhöfninni. „Má áætla að ríkissjóður hafi orðið af um 250 milljónum með ofurskattlagningu á þessari einu vörutegund,“ segir Margrét. Þá telji aðilar í byggingaverslunum að hægt sé að örva viðhaldsmarkaðinn ef vörugjald yrði afnumið af t.d. gólfefnum, hreinlætistækjum og fleiru. Ríkissjóður fær á móti auknar skatttekjur af virðisauka.

Einnig benda verslunarmenn á að mikill samdráttur sé í fataverslun og er ekki spurning að niðurfelling t.d. virðisaukaskatts af barnafötum myndi blása nýju lífi í þá verslun.

LÍTILLEGA KLIKKADUR


„Það er spurning hvort maður er ekki lítillaga klikkaður,“ segir Elvar Eyvindsson bóndi á Skíðbakka II í Austur-Landeyjum. Hann hefur ákveðið að fara út í ræktun holdanauta, samhliða mjólkurbúskap. Hann vill ekki vera með neinar yfirlýsingar um hversu stórtækur hann ætlar að verða í holdanautum. Ætlar láta verkin tala í þeim efnum.

Elvar er með 200 þúsund lítra kúabú. „Við gætum framleitt töluvert meira en það er ekki hagkvæmt að kaupa kvóta. Til þess er kvótinn of dýr,“ segir Elvar sem bendir einnig á að mjólkurbændur sjái ekki langt fram á veginn eða aðeins til ársins 2015, þar sem endurskoðun búvörusamningsins standi fyrir dyrum. Menn ráðist ekki í miklar fjárfestingar þegar óvissa er fyrir hendi.

Elvar er ekki sérstakur aðdáandi landbúnaðarkerfisins, vildi fremur fá að stunda sinn búskap í friði án afskipta ríkisins. „Það er djöfullegt, að vera svona háður ríkinu. Það er svo leiðinlegt og sá stuðningur sem við fáum skrifast í huga fólks á búgreina eingöngu þó að hann sé öðrum þræði byggðastuðningur,

niðurgreiðsla vöruverðs, stuðningur við verslunina vegna dýrra aðfanga og viðleitni ríkisvaldsins til að halda uppi matvælaframleiðslu í landinu.“ Elvar vill vekja athygli á því að á meðan hamrað sé á bændum vegna hás vöruverðs, eru mjólkurvörur alls ekki dýrar í verslunum hér ef miðað er við nágrannalöndin og enn síður ef aðrar vörur s.s. gosdrykkir eru settir á þann mælikvarða. Þá vill hann meina að ýmsir möguleikar séu til lækunar kostnaðar, en kerfið geri mönnum í mörgum tilfellum erfitt fyrir.

Afkomu bændu hefur versnað töluvert á undanförmum árum ekki síst vegna hækkandi áburðarverðs á heimsmarkaði og falls krónunnar. Fall hennar hefur þó aukið útflutningsmöguleika greinarinnar í staðinn. Staða ungra bændu sem skulda mest er áhyggjuefni, að sögn Elvars og vinna þurfi að skuldaleiðréttingum gagnvart þeim. „Þegar lítið er lengra fram á veginn ættum við öll að hafa áhyggjur af endurnýjun í stétt bændu,“ segir Elvar, enda þrífist engin starfsgrein án endurnýjunar.



150

Skatttekjur ríkissjóðs vegna fyrirtækja, einstaklinga og fjármagns hafa dregist saman jafnt og þétt frá árinu 2008. Í heild hafa tekjurnar dregist saman um 150 milljarða á tímabilinu

87

Raunútgjöld ríkissjóðs jukust um 87 milljarða milli 2007 og 2010, fyrst og fremst vegna aukinna vaxtagreiðslna, útgjalda til félagslega kerfisins og óreglulegra liða



35

Ef útgjöld hefðu staðið í stað hefði halli ríkissjóðs verið um 35 milljarðar í fyrra í stað 123 milljarða

BLÓÐPENINGAR

Hallarekstur ríkissjóðs hefur leitt til þess að skuldir hafa stórukist og vegna þess neyðast einstaklingar og fyrirtæki til að greiða sannkallaða blóðpeninga í vexti. Á árunum 2009 og 2010 greiddi ríkissjóður alls 140 milljarða króna í vexti að frádregnum vaxtatekjum. Þetta þýðir að 19 þúsund launþegar með 300 þúsund króna mánaðarlaun, hefðu þurft að láta af hendi öll sín laun í þessi tvö ár.

Þessi aukni vaxtakostnaður er ekkert annað en blóðpeningar og dregur úr möguleikum ríkissjóðs til að standa undir velferðar- og menntakerfinu. Vaxtakostnaðurinn nemur tvöföldum þeim sparnaði sem orðið hefur í heilbrigðis- og menntamállum. Skuldasöfnunin hefur orðið til þess að þjónusta við borgarana hefur verið skorin meira niður en ella til að fjármagna vaxtagreiðslur.

111% af landsframleiðslu

Í lok júní síðastliðins námu heildarskuldir ríkissjóðs um 1.803 milljörðum króna eða sem svarar 111% af áætlaðri landsframleiðslu ársins. Á móti standa peningalegar eignir en að þeim frádregnum var hrein peningaleg eign ríkissjóðs, [peningalegar eignir umfram skuldir], neikvæð um 686 milljarða króna. Staðan hefur aðeins versnað vegna hallareksturs. Til samanburðar var hrein peningaleg eign ríkissjóðs neikvæð um rúm 35% af landsframleiðslu á tíma 2010 og rúm 27% um mitt ár 2009. Hrein peningaleg eign ríkissjóðs versnaði því um 140 milljarða króna milli annars ársfjórðungs 2010 og 2011.



164 ÞÚSUND Á MÁNUÐI FYRIR HVERJA FJÖLSKYLDU

Uppsafnaður halli á ríkissjóði frá árinu 2008 til júní á þessu ári er rúmur 550 milljarðar króna að raunvirði. Þetta jafngildir því að hver fjögurra manna fjölskylda hafi aukið skuldir um tæplega 164 þúsund krónur í hverjum einasta mánuði. Í heild þýðir þetta um 6,9 milljónir króna í skuld á hverja íslenska fjölskyldu.

Það er hægt að setja uppsafnaðan halla ríkissjóðs í annað samhengi. Hægt væri að reka allt menntakerfið og menningarmál í níu ár fyrir sömu fjárhæð eða heilbrigðiskerfið í fimm ár.

SKATTAR HÆKKA EN SKATTTEKJUR LÆKKA OG ÚTGJÖLD HÆKKA

Skatttekjur ríkissjóðs vegna fyrirtækja, einstaklinga og fjármagns hafa dregist saman jafnt og þétt frá árinu 2008. Í heild hafa tekjurnar dregist saman um 150 milljarða á tímabilinu.

Raunútgjöld ríkissjóðs jukust um 87 milljarða milli 2007 og 2010, fyrst og fremst vegna aukinna vaxtagreiðslna, útgjalda til félagslega kerfisins og óreglulegra liða eins og framlags til Íbúðalaánasjóðs (33 milljarðar) og framlag vegna ábyrgðar á Ábyrgðarsjóði landbúnaðarins (27 milljarðar).



RÍKISFJÁRMÁL Í ÓLESTRI

Ríkissjóður hefur verið rekinn með miklum halla frá árinu 2008 og nemur uppsafnaður halli fram til júní á þessu ári um 550 milljörðum króna að raunvirði. Að mati þingflokks Sjálfstæðisflokksins sýnir fjárlagafrumvarp fyrir árið 2012, að enn á að halda áfram á þeirri óheilbraut sem mörkuð var þegar ríkisstjórnin tók við völdum árið 2009.

Sjálfstæðismenn eru ekki þeir einu sem gagnrýna fjárlagafrumvarpið. Aðilar vinnumarkaðarins efast mjög um þær forsendur sem liggja að baki frumvarpinu. Þannig er miðað við að hagvöxtur á komandi ári verði 3,1% en samkvæmt nýjustu spá Seðlabankans má reikna með að efnahagslífið vaxi aðeins um 1,6%. Versnandi horfur í heimsbúskapnum kunna að leiða til enn verri niðurstöðu en Seðlabankinn reiknar með, að mati Samtaka atvinnulífsins [SA]. Ljóst er að lakari vöxtur efnahagslífsins leiðir til enn verri afkomu ríkissjóðs en stefnt er að í frumvarpi til fjárlaga.

Miðstjórn ASÍ er enn afdráttarlausari í skoðun sinni á fjárlagafrumvarpinu en SA og segir að forsendur þess „séu reistar á bjartsýni sem lítil innistæða er fyrir“. Enn og aftur sé reiknað með að ná fjárlögum saman með tekjuaukningu vegna hærri skatttekna og tekjum vegna arðgreiðslna og sölu eigna. „Á sama tíma og forsætisráðherra lýsir því yfir að fjölga eigi störfum um 7.000 með auknum framkvæmdum er dregið úr framlögum til viðhalds- og fjárfestinga. Ekkert bólar á endurskoðaðri efnahagsstefnu þar sem tekist er á við brýn úrlausnarefni á borð við fjárfestingaráætlun, hagvaxtaráætlun og stefnu stjórnvalda í vaxta-, gengis- og verðlagsmálum.“

Áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins [AGS] miðaði að því að ríkisfjármálin yrðu orðin sjálfbær á komandi ári og skuldasöfnun yrði stöðvuð. Þetta mun ekki ganga eftir. Hallinn á rekstri ríkissjóðs fyrstu átta mánuði


þessa árs nam ríflega 54 milljörðum króna, samkvæmt tilkynningu fjármálaráðuneytisins um greiðsluafkomuna frá janúar til ágústloka. Í greinargerð með þingsályktunartillögu sjálfstæðismanna um aðgerðir í efnahagsmálum er því haldið fram að ríkisstjórnin hafi „algjörlega gefist upp fyrir verkefninu“. Ríkisstjórnin hafi „boðað að það muni taka mun lengri tíma að koma ríkissjóði á réttan kjöl en upphaflega var áætlað – nánar tiltekið eftir að kjörtímabili þeirra lýkur.“

Útgjöld lækkuð

Það er brýnt að ná tökum á útgjöldum ríkissjóðs og sjálfstæðismenn leggja til að þau verði dregin saman um 17,6 milljarða milli árunna 2011 og 2012. Megnið af þessum sparnaði, um 16 milljarða, má rekja til þess að fólk fer af atvinnuleysisbótum í vinnu.

Þá er lagt til að sparaðir verði 2,2 milljarðar við æðstu stjórn ríkisins, forsætisráðuneytið, utanríkisráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, efnahags- og viðskiptaráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Gert er ráð fyrir að útgjöld verði aukin um 1,5 milljarða í velferðarráðuneytinu vegna heilbrigðismála og að útgjöld vegna atvinnuleysisstrygginga dragist saman um 16 milljarða vegna 9 þúsund nýrra starfa. Þá er gert ráð fyrir að útgjöld til löggæslu verði aukin um 100 milljónir á næsta ári. Lagt er til að fjárfesting verði aukin um 22,6 milljarða í innanríkisráðuneytinu vegna átaks til fjárfestingar í samgöngubótum á næsta ári. Útgjöld árið 2013 til velferðarráðuneytisins minnka um 9 milljarða vegna meiri atvinnu. Þá kemur seinni hluti fjárveitingar vegna fjárfestinga í innviðum, 22,6 milljarðar, kemur til útgjalda árið 2013.

Afkomu ríkisins gjörbreyttist



Lausnir sjálfstæðismanna í ríkisfjármálum miða að því að allar skattahækkningar sitjandi ríkisstjórnar verði afturkallaðar. Með aukinni fjárfestingu aukast umsvifin í hagkerfinu, fólk fer af atvinnuleysisráttum í vinnu, skattgrunnar styrkjast.

Gert er ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs af skatti á einstaklinga og fyrirtæki lækki nokkuð að raunvirði milli árunna 2010 og 2012 þegar tekjuskattsprósenta er færð til fyrra horfs. Aukin umsvif og lengri vinnutími vega þó upp að einhverjum hluta skattalækkun, sérstaklega þegar liður fram á árið 2013. Gert er ráð fyrir að tekjur af

fjármagnstekjuskatti hækki um 5% milli árunna. Auðlegðarskattur er afnuminn og liðurinn aðrir skattar lækkður um 3 milljarða. Tekjur af viðisaukaskatti og vörugjöldum hækka vegna aukinna umsvifa. Tryggingagjald lækkar vegna nýrra starfa en tekjur aukast vegna hærri atvinnustígs. Þá koma til tekjur vegna fjárfestingaráttaks í innviðum og er hér gert ráð fyrir að um 40% af heildarfjárfestingu renni í ríkissjóð í formi virðisaukaskatts og annarra skatta vegna framkvæmdanna. Þá er gert ráð fyrir að tekjur ríkissjóðs, s.s. vegna aðflutnings og leyfisgjalda, sem rekja má til aukinnar fjárfestingar skili auknum

tekjum í ríkissjóð.

Sjálfstæðismenn fullyrða að afkoma ríkissjóðs verði allt önnur og betri verði tillögum þeirra hrint í framkvæmd. Afkoma án vaxagjalda og -tekna (frumjöfnuður) fer úr því að vera neikvæð um 37,3 milljarða 2011 í að vera jákvæð um tæpan 21 milljarð árið 2012 og 56 milljarða árið 2013. Reyndar er útlit fyrir að hallinn verði a.m.k. tvisvar sinnum meiri á þessu ári en gert var ráð fyrir í fjárlögum sem sýnir fjármálaóreiðu vinstriflokkanna, en það er önnur saga – batinn verður þess meiri ef farið verður að tillögum.

Nº 97




Nº 30

-31

Íslenskir bankar eru á botninum í mati World Economic Forum á heilbrigði banka. Á lista yfir aðgengi að fjármálaþjónustu er Ísland í 97. sæti

Í úttekt IMD viðskiptaháskólans í Sviss á samkeppnishæfni þjóða 2010 er Ísland í 30. sæti en árið 2007 sátum við í sjöunda sæti

Í skýrslu Fraser stofnunarinnar fyrir árið 2011, um efnahagslegt frelsi, situr Ísland í 70. sæti - fellur um 31 sæti frá því í fyrra og hefur aldrei verið jafn neðarlega



Ekki besti félagskapurinn – Ísland er í flokki með Egyptalandi, Sambíu, Sádi Arabíu, Rússlandi og Kína hvað varðar pólitísk áhættu samkvæmt mælingum áhættumatsfyrirtækisins Aon. Lykilforsenda þess að fyrirtæki séu reiðubúin til að fjárfesta er að stöðugleiki ríki í efnahags- og stjórnmálum þjóðarinnar. Fátt óttast fjárfestar meira en pólitíska áhættu. Þetta á jafnt við um innlenda og erlenda fjárfesta. Það er verkefni ríkisstjórnar og Alþingis að vinna markvisst að því að draga úr óvissu. Því fyrr sem það tekst, því fyrr fá stjórnendur fyrirtækja og almennigur trú á framtíðina. Á grundvelli þess trausts eiga fjárfestingar sér stað.

VIÐ ERUM AÐ TAPA Í SAMKEPPNINNI

Í mörg ár var Ísland í efsta sæti lista Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (SP) sem ber saman lífskjör þjóða heims. Í nýjustu skýrslu SP sem kom út í nóvember í fyrra var Ísland í 17. sæti listans og hefur ekki verið lægra á listanum frá því að hann var fyrst birtur fyrir um 20 árum.

IMD viðskiptaháskólinn í Sviss hefur í 15 ár mælt samkeppnishæfni 58 ríkja og niðurstöðurnar eru birtar árlega í World Competitiveness Yearbook. Í úttekt IMD frá 2010 er Ísland í 30. sæti en árið 2007 sátum við í sjöunda sæti. Singapúr skipar efsta sætið, Hong Kong er í öðru sæti og Bandaríkin í því þriðja. Noregur og Svíþjóð eru einu Norðurlandþjóðirnar sem komast í efstu tíu sætin.

Í skýrslu World Economic Forum (WEF), sem hefur í meira en þrjú áratugi gefið út skýrslu um samkeppnishæfni þjóða (Global Competitiveness Index), hefur Ísland fallið um átta sæti árið 2010 frá árinu 2007 þegar Ísland var í 23. sæti. Tillit er m.a.

tekið til efnahags ríkja, stjórnarfars og stefnumótunar, menntunar, lífslíkna og frelsis. Í fyrra var Sviss í efsta sæti og á eftir koma Svíþjóð og Singapúr. Ástæðan fyrir falli Íslands er áframhaldandi veiking á stöðu fjármálamarkaða.

Fraser-stofnunin í Kanada gefur einnig út árlega skýrslu um efnahagslegt frelsi í heiminum, svokallaða frelsisvísitölu. Alþjóðleg samburðarrannsókn er framkvæmd af sjálfstæðum rannsókn- og fræðslustofnunum. Hér á landi er það RSE, Rannsóknamiðstöð um samfélags- og efnahagsmál sem sér um framkvæmdina. Í skýrslu stofnunarinnar fyrir árið 2011, sem kynnt var nýlega, situr Ísland í 70. sæti - fellur um 31 sæti frá því í fyrra og hefur aldrei verið jafn neðarlega. Fyrir fjórum árum var Ísland í 11. sæti listans.

Frelsisvísitalan er samsett af 42 ólíkum þáttum sem byggðir eru á fimm flokkum; umfangi hins opinbera, lagaumhverfi og vernd eignarréttar, aðgengi að traustum gjaldmiðli,

Flestir alþjóðlegir mælikvarðar benda til þess að staða Íslands í samfélagi þjóðanna hafi versnað á síðustu árum. Pólitísk áhætta er talin mikil. Efnahagslegt frelsi er minna að mati óháðra stofnana.

reglubyrði og frelsi til alþjóðaviðskipta. Ekkert land hefur fallið jafn hratt á fjórum árum og Ísland og þá sérstaklega síðustu tvö ár. Sem fyrr eru Hong Kong og Singapúr í fyrsta og öðru sæti listans.

Heritage stofnunin í Washington og Wall Street Journal hafa í tæpa tvo áratugi einnig gefið út skýrslu um efnahagslegt frelsi. Ísland situr nú í 44. sæti listans og hefur aldrei verið jafn neðarlega. Í fyrra sat Ísland í 18. sæti en fór hæst í 15. sæti árið 2007. Hong Kong og Singapúr skipa einnig efstu tvö sæti þessa lista.

Transparency International er sjálfstæð og alþjóðleg eftirlitsstofnun sem beitir sér gegn spillingu um allan heim og birtir árlega skýrslu um pólitíska spillingu í 178 ríkjum. Skýrsla stofnunarinnar fyrir árið 2011 liggur ekki fyrir en í skýrslu stofnunarinnar í fyrra var Ísland í 11. sæti listans. Árið 2007 var Ísland í sjötta sæti en hafði verið í fyrsta sæti árið 2006. Samkvæmt þessu hefur pólitísk spilling aukist á Íslandi á síðustu árum.





LÆKKUN SKATTA SKILAR VARANLEGUM ÁRANGRI

Árið 2009 var birt viðamikil rannsókn sem unnin var af hagfræðingum við Harvard háskóla. Þar voru viðbrögð 21 ríkis innan OECD við efnahagskreppu metin og náði rannsóknin aftur til ársins 1971. Borinn var saman árangurinn af því annars vegar að auka ríkisútgjöld til að örva hagkerfið og hins vegar árangurinn af því að lækka skatta. Niðurstaða þessarar rannsóknar var eindregið sú að þau ríki sem höfðu farið þá leið að lækka skatta náðu árangri fyrr og það sem meira var, árangur þeirra var viðvarandi.



ÞUNG SKATTBYRÐI

Samkvæmt niðurstöðu Efnahags- og framfarastofnunarinnar [OECD] er skattbyrðin á Íslandi orðin ein sú þyngsta meðal aðildarríkja OECD og er þá tekið tillit til mismunandi skipulags lífeyrismála. OECD bendir einnig á að Ísland sé það land sem girðir sig mest af hvað varðar erlenda fjárfestingu.

Skattbyrði fjögurra manna fjölskyldu er þyngri á Íslandi en í Danmörku, Svíþjóð og Noregi. Þá er miðað við að tveir einstaklingar í heimili séu í fullri vinnu. Þetta kemur fram í úttekt OECD sem birt var síðasta sumar. Jaðarskattar eru einnig hærri hér á landi eða 50% á móti 42,3% í Danmörku og 43,1% í Noregi.



Í HÓP ÞEIRRA BESTU

Þrátt fyrir að verulega hafi verið þrengt að Háskóla Íslands hefur stjórnendum og kennurum hans tekist að byggja upp góðan háskóla. Háskólinn er kominn í hóp 300 bestu háskóla í heiminum að mati Times Higher Education Supplement, sem er annar af tveimur helstu matslistum á þessu sviði. HÍ er í 276. sæti.



UNGU FÓLKI AUÐVELDAD AÐ KAUPA SÍNA FYRSTU ÍBÚÐ

Úrbætur í húsnæðismálum eru löngu tímabærar. Ungu fólki reynist oft erfitt að koma sér upp eigin húsnæði vegna skorts á eigin fé. Húsaleigan er há og því erfitt að leggja til hliðar. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins leggur til að skattaafslættir verði veittir til að gera ungu fólki og þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð auðveldara fyrir. Markmiðið með skattaafslættinum er að íbúðakaupendur geti myndað eigið fé í húsnæði í stað þess að hvetja til skuldsetningar.

EFLUM NÝSKÖPUN

Íslenska hagkerfið er enn að bíta úr nálinni með hve stór hluti vinnuafis landsins valdist til atvinnugreina, sem tímabundið risu hátt, en hafa síðan skroppið saman. Má þar nefna byggingaframkvæmdir, fjármálastarfsemi og bílaviðskipti. Þetta er ein af ástæðum þess að atvinnuleysi er nú meira en nokkru sinni fyrr á Íslandi. En þrátt fyrir að þúsundir Íslendinga gangi nú um atvinnulausir eiga tækni- og hugverkafyrirtæki erfitt með að finna farveg fyrir vöxt sinni vegna skorts á faglærðum starfsmönnum.

Íslenska skólakerfið fullnægir ekki þörfum tæknigreinanna. Alþjóðlegar kannanir á raungreinakunnáttu íslenskra skólabarna hafa sýnt að þau standast ekki samanburð við jafnaldra sína í samkeppnislöndum. Einnig er erfitt að ráða erlenda sérfræðinga til starfa hingað til lands og vöxtur tæknifyrirtækja verður því í ríkari mæli í útlöndum en vera þyrfti. Þessu þarf að snúa við.

Tækni- og hugverkagreinar geta átt blómlega framtíð á Íslandi. Þetta á ekki síst við þær greinar sem styðja við hefðbundnar greinar sem mynda grunninn að íslensku efnahagslífi. Sérhæfð þjónusta við atvinnustarfsemi á borð við álframleiðslu, orkuöflun, sjávarútveg, matvælavinnslu, heilbrigðisþjónustu, menntakerfi og heilsutengdan ferðaiðnað á kjörskilyrði á Íslandi.

Þessi fyrirtæki ganga ekki á auðlindir og geta þróað afurðir sínar á Íslandi, en síðan selt til útlanda með miklum afrakstri. Nauðsynlegt er að bæta skilyrði þessara vaxtagreina með ýmsum hætti.

- *Stærsti fjármálalegi flöskuhálsinn í íslenskri nýsköpun eru samkeppnissjóðir. Auka þarf markvisst framlög til þeirra þannig að opinbert stuðningsumhverfi veikist ekki um of í efnahagsþrengingunum.*
- *Setja þarf í lög skattaafslátt vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarsjóðum. Nauðsynlegt er að hvetja með öllum ráðum fjárfesta til að taka þátt í nýsköpun á Íslandi.*
- *Íslenskt menntakerfi þarf að mæta framtíðarþörfum íslensks atvinnulífs. Styrkja þarf raungreina- og nýsköpunarnám upp að háskólastiginu og draga úr girðingum milli bóklegra og verklegra námsbrauta.*
- *Gerð hagtalna fyrir þessar greinar er afar bágborin, sem gerir ákvarðanatöku ómarkvissa. Þetta þarf að laga og Hagstofan þarf að fá nauðsynleg tæki sem duga til að vinna þessar upplýsingar. Þá þurfa fjármálaráðuneytið, tollstjóri og fleiri opinberir aðilar að auka samstarfsitt og breyta vinnulagi sínu, án nokkurs kostnadarauka.*

Til móts við framtíðina

Opnir fundir Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins og Ólafar Nordal, varaformanns

Fimmtudagur	20. okt.	12.00	Reykjavík, Valhöll, Háaleitisbraut 2
Mánudagur	24. okt.	17.00	Hella, Árhús
Mánudagur	24. okt.	20.00	Selfoss, Félagsheimili sjálfstæðismanna, Austurvegi 49
Þriðjudagur	25. okt.	17.30	Grindavík, Salthúsið
Þriðjudagur	25. okt.	20.00	Reykjanesbær, Sjálfstæðishúsið, Hólagötu 26
Miðvikudagur	26. okt.	17.30	Húsavík, Veitingastaðurinn Salka
Miðvikudagur	26. okt.	20.00	Akureyri, Hótel KEA
Fimmtudagur	27. okt.	12.00	Akranes, Gamla kaupfélagið
Fimmtudagur	27. okt.	17.30	Stykkishólmur, Kaffihúsið Narfeyrarstofa
Fimmtudagur	27. okt.	20.30	Ólafsvík, Félagsheimilið Klif
Föstudagur	28. okt.	12.00	Egilsstaðir, Hótel Hérað
Laugardagur	29. okt.	11.00	Ísafjörður, Hótel Ísafjörður



Nánar á xd.is og í síma 515 1700.

Þingmenn kjördæmanna verða einnig á ferð um landið næstu vikur að kynna tillögurnar og verða fundir þeirra auglýstir í staðarmiðlum.